

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga og
Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna**

Rafrænn fundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 11. apríl 2023.

Fulltrúar LSS var: Bjarni Ingimarsson, Ásgeir Þórisson og Guðmundur Þór Jónsson.

Fulltrúar SNS voru: Berglind Eva Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir, Helgi Aðalsteinsson, og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál var tekið fyrir:

1. Samkomulag um breytingar og framlengingu á fylgiskjali 3 í kjarasamningi aðila 2019 til 2023

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum). Breytingin gildir frá 1. apríl 2023 og gildir og til og með 30. september 2023.

VAKTAÁLAG

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG

| | |
|---------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1.6.1 | Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera: |
| 33,33% | kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga |
| 55,00% | kl. 17:00 - 24:00 föstudaga |
| 65,00% | kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga |
| 55,00% | kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga |
| 75,00% | kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga |
| 120,00% | kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag. |

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga

45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga

45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga

33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga

45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga

120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

| Fjöldi vakta | Tegundir vakta | | | |
|--------------|----------------|-------|-------|-------|
| | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 19 | | 10,0% | 12,5% | 12,5% |
| 18 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 17 | | 7,5% | 10,0% | 12,5% |
| 16 | | 2,5% | 7,5% | 12,5% |
| 15 | | 2,5% | 2,5% | 10,0% |
| 14 | | | 2,5% | 7,5% |

Fleira var ekki gert og fundi slitið